



Reykjavík, 20. maí 2022

Umsögn um drög að reglugerð um undanþágu frá banni við botnveiðum yfir lagningu sæstrengs

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS eða samtökin) hafa tekið til umsagnar drög að reglugerð um undanþágu frá banni við botnveiðum við lendingarstað fjarskiptastrengsins ÍRIS. Reglugerðardrögin eru til komin vegna lagningar á sæstreng frá Íslandi til Írlands (ÍRIS) og setningu nýrra fjarskiptalaga.

Fiskveiðihagsmunir er mikilvægir íslenskum þjóðarbúskap og sjávarútvegur á Íslandi ein af grunnstoðum efnahagslegrar hagsældar þjóðarinnar. Fjarskipti eru einnig afar mikilvæg fyrir sjávarútveginn og samfélagið í heild. Í flestum tilvikum um lagning sæstrengs óumflýjanlega skaða svigrúm til fiskveiða. Því hefur verið leitað allra leiða til að lágmarka þennan skaða. Í þeirri viðleitni hafa samtökin ítrekað lagst á árarar með fjarskiptafyrirtækjum til að finna heppilega slóð fyrir lagningu á nýjum streng.

Á fiskislóð eru ólíkar tegundir botns og misverðmætir nytjastofnar. Mismunandi gerðir fiskiskipa og áhafnir þeirra sérhæfa sig í nýtingu ólíkra svæða með margvíslegum veiðarfærum. Óheppilega staðsettur sæstrengur getur því augljóslega valdið miklum skaða ef hann er lagður yfir fiskislóð. Þrátt fyrir að heimilt sé að veiða yfir sæstreng með tilteknum veiðarfærum er raskið ávallt eitthvað. Það ber þó ætíð að lágmarka það eftir fremsta megni eins og gert hefur við í þessu tilviki. Að því sögðu telja samtökin afar mikilvægt að stjórnvöld hafi hraðar hendur og heimili veiðar yfir IRIS.

Samtökin telja augljóst að b-liður í 4. gr. reglugerðadraganna, um netaveiðar og veiðar með dragnót, þarfnist endurskoðunar og nákvæmari útfærslu. Þar eru tilgreind hnit er varða undanþágu frá banni við botnveiðum vegna lagningar fjarskiptastrengsins.

Að öðru leyti er vísað til umsagnar samtakanna um boðaða breytingu á fjarskiptalögum sem nú er til meðferðis á Alþingi (þingskjal 666 – 461. mál).

Samtökin eru reiðubúin að eiga samtalið við fullrúa ráðuneytisins og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum. Samtökin áskilja sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

Heiðmar Guðmundsson